



Alþýðusamband Íslands

## Hlutverk málefnanefnda ASÍ, samsetning og starfsreglur

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 7. nóvember 2018

### Hlutverk málefnanefnda ASÍ

Nefndirnar undirbúa stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi miðstjórnar ASÍ og þinga sambandsins og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar og þinga.

Málefnanefndirnar eru mikilvægur og formlegur vettvangur samráðs milli landssambandanna, félaga með beina aðild og ASÍ-UNG um stefnumótun á vettvangi ASÍ. Þannig skipa landssamböndin, félögin með beina aðild sameiginlega, og ASÍ-UNG fulltrúa sína beint (en tilnefna t.d. ekki einstaklinga gagnvart miðstjórn) í málefnanefndirnar og miðstjórn skipar á móti einn fulltrúa úr sínum röðum auk kjörinna starfsmanna.

Málefnanefndir skulu gera tillögu til miðstjórnar um helstu áherslur og verkefni í þeim málaflokki/málaflokkum sem heyra undir viðkomandi nefnd. Þau málefni sem miðstjórn ASÍ ákveður að leggja fyrir þing sambandsins skulu að jafnaði undirbúin af viðkomandi málefnanefndum í samráði við miðstjórn.

Miðstjórn ASÍ ákveður hvaða málefnanefndir starfa á vettvangi ASÍ, skilgreinir verksvið þeirra og setur þeim starfsreglur.

Málefnanefndir gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart miðstjórn og hafa því ekki umboð til að álykta sjálfstætt um einstaka málefni.

### Skipun í málefnanefndir ASÍ.

Miðstjórn skipar einn fulltrúa í hverja nefnd og kjörinn starfsmann. Landssamböndin innan ASÍ skipa hvert um sig einn fulltrúa og annan til vara í hverja nefnd og félög með beina aðild einn fulltrúa sameiginlega og annan til vara. Þá á ASÍ-UNG rétt til að tilnefna fulltrúa í allar málefnanefndir.

Landssamböndum, félögum með beina aðild sameiginlega og ASÍ-UNG er heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á starftímanum og skal þá tilkynna breytinguna til skrifstofu ASÍ. Breytingin tekur gildi þegar tilkynning hefur borist.

## **Um hlutverk og umboð nefndarmanna**

Fulltrúi miðstjórnar er tengiliður á milli miðstjórnar og viðkomandi nefndar og skal hann tryggja að sjónarmið og áherslur miðstjórnar komi fram í starfi nefndarinnar eftir því sem við á. Þá er hlutverk hans að tryggja að upplýsingar um starf nefndarinnar og tillögur séu kynntar í miðstjórn ASÍ.

Fulltrúar landssambanda, fulltrúi félaga með beina aðild og ASÍ-UNG eru tengiliðir á milli viðkomandi nefndar og þess aðila sem þeir eru fulltrúar fyrir og starfa í umboði þeirra. Það er á ábyrgð þessara fulltrúa að tryggja að þau sjónarmið og áherslur sem uppi eru í landssamböndunum, félögum með beina aðild og ASÍ-UNG komi fram í starfi nefndarinnar. Þá er hlutverk þeirra að tryggja að upplýsingar um starf viðkomandi nefndar og tillögur séu kynntar gagnvart þeim aðilum sem þeir fara með umboð fyrir. Þessi þáttur í starfi málefnanefndanna er afar mikilvægur til að tryggja sem víðtækast samráð og upplýsingar um stefnumörkun og ákvarðanir á vettvangi ASÍ. Ekki hefur verið gerð krafa um það af hálfu ASÍ að aðildarsamtökin komi sér upp sambærilegum málefnanefndum sem virki sem formlegt bakland viðkomandi fulltrúa, heldur hefur hverju sambandi og félögum með beina aðild sameiginlega verið falið að ákvarða hvaða form henti.

## **Starfsreglur fyrir málefnanefndir ASÍ**

1. Fulltrúi miðstjórnar skal vera formaður málefnanefndar. Formaður ákveður fundi nefndarinnar og stýrir þeim. Forfallist formaður um lengri tíma eða hættir störfum í nefndinni skal miðstjórn skipa nýjan formann í hans stað.

Starfsmaður -skal boða fyrsta fund nefndar í samráði við fulltrúa miðstjórnar ASÍ. Á fundinum skal í upphafi fara yfir hlutverk málefnanefnda ASÍ og starfsreglur.

2. Starfsmenn nefndanna hafa full réttindi í nefndinni og aðstoða nefndirnar í störfum þeirra, m.a. við undirbúning funda, ritun fundargerða og við að framfylgja ákvörðunum nefndanna í samráði við formann.

3. Nefndarfundir skal boða með tölvupósti með minnst einnar viku fyrirvara ef kostur er. Fundina skal boða með dagskrá.

Formenn nefnda ákveða hverju sinni hvort fundir verði haldnir í gegnum fjarfundarbúnað, alveg eða að hluta. Skal sá kostur nýttur nema sérstakar ástæður hamli og fyrirkomulag funda tilgreint í dagskrá hverju sinni. Fulltrúar í málefnanefndum geta jafnframt óskað eftir því að taka þátt í nefndafundum í gegnum fjarfundarbúnað.

4. Málefnanefndir halda fundargerðir. Í fundagerð skal koma fram: Hvar fundurinn var haldinn; hvaða dag; upphaf fundar og fundarlok; hverjir sóttu fundinn; hvaða mál voru til umfjöllunar, hvaða gögn voru lögð fram á fundinum og; hverjar voru niðurstöður fundarins/hvaða ákvarðanir voru teknar. Starfsmenn nefndanna gera drög að fundargerðum sem send skulu formanni nefndar til staðfestingar. Að því búnu eru aðal-

og varamönnum sent afrit fundargerðar og hún birt á vefsvæði nefndarinnar. Afrit staðfestra fundargerða skulu lögð fram til kynningar í miðstjórn.

5. Málefnanefndir ASÍ hafa hver sitt vefsvæði á innri-vef ASÍ. Þegar fundur hefur verið ákveðinn skal setja dagskrá fundarins á vefsvæðið ásamt þeim gögnum sem leggja á fyrir fundinn. Gögn sem taka á afstöðu til skulu sett á vefinn það tímanlega að nefndarmenn geti kynnt sér þau fyrir fundinn.

6. Fundargerðir ásamt öllum gögnum vegna viðkomandi funda og vegna starfa nefndanna skulu vera aðgengilegar á vefsvæði þeirra.

Nefndarmenn fá úthlutað notendanafni og lykilorði á skrifstofu ASÍ (sjá nánar leiðbeiningar um innri-vef ASÍ).

7. Málefnanefndir vinna störf sín í umboði miðstjórnar og gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum eftir því sem nefndirnar telja nauðsynlegt og/eða miðstjórn óskar eftir.

8. ASÍ leggur málefnanefndum til nauðsynlega aðstöðu og búnað vegna starfa þeirra. Telji málefnanefndir nauðsynlegt að leggja í kostnað umfram hefðbundinn fundakostnað skal ósk um slíkt koma fram við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar ef kostur er. Að öðrum kosti skal ákvörðun um slíkt tekin í samráði við framkvæmdastjóra ASÍ.

9. Alþýðusambandið greiðir eðlilegan ferða- og upphaldskostnað vegna nefndarmanna sem koma utan af landi vegna nefndarstarfa. Þá greiðir Alþýðusambandið nefndarmönnum vegna launataps sem þeir kunna að verða fyrir vegna nefndarstarfa.

Við greiðslu ferðakostnaðar skal miðað við [reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa og vegna formannafunda](#). Hvað varðar upphaldskostnað og launatap skal miðað við sannanlega útlagðan kostnað nefndarmanna og tekjutap.

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 7. nóvember 2018. Samhliða falla úr gildi eldri reglur um sama efni sem samþykktar voru í miðstjórn 21. Janúar 2015.